

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegi 1-3, 850 Hellu

Garðabær, 11. nóvember 2025
202510-0122/Á.G.
08.02

Efni: Umsögn - Tillaga – Breyting á deiliskipulagi við Laufafell í Rangárþingi ytra.

Vísað er til erindis Rangárþings ytra er barst 30. október þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna lagningu rafstrengs í jörð við Laufafell í Rangárþingi ytra.

Í greinargerð kemur fram að Neyðarlínan áformar að skipta út núverandi rafstreng frá fjarskiptastöðinni við Laufafell. Núverandi staðsetning strengsins liggur frá rafstöðinni sem er við rætur fellsins og upp hlíðar þess að fjarskiptastöðinni. Leiðin er óhentug vegna grjóthruns sem veldur truflunum og háum viðgerðarkostnaði. Þess vegna er lögð fram breytingu á gildandi deiliskipulagi sem birt var í B-deild stjórnartíðinda 5.6.2014 þar sem ný leið er skilgreind.

Ný áformuð strengleið yrði vestan megin við fellið en heildarlengd strengsins verða tæpir 4 km. Strengurinn verður plægður niður með traktorsgröfu og leggst í botn plógfarsins á um eins metra dýpi. Síðan leggst jarðvegurinn yfir og yfirborðið slétt. Rasksvæðið takmarkast við breidd gröfunnar sem má gera ráð fyrir að verði um 2,1-2,4 m. Ekki er þörf á slóðagerð eða annarri efnistöku vegna framkvæmdanna. Gert er ráð fyrir að heildarrasksvæði framkvæmdanna verði u.þ.b. 1 ha. Öll ummerki eftir framkvæmdina eiga að vera horfin að þremur árum liðnum. Leiðin er valin með tilliti til jarðvegs og landslags þannig að lagning gangi sem best fyrir sig og valdi minnsta mögulega raski.

Vistgerðir

Innan áhrifasvæðis tillögunnar er að finna nokkrar vistgerðir sem vert er að nefna. Mest er af Melagamburvist L5.2 og Sand- og vikravist L1.5 en einnig finnast Mosamóavist L10.1, Sandmýrarvist L8.3 og Ljónslappaskriðuvist L3.3 á svæðinu. Allar vistgerðirnar hafa lítið eða strjált fuglalíf og lágt til miðlungs verndargildi. Hins vegar vekur Náttúruverndarstofnun á að þrjár af þeim eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar en það eru Sand- og vikravist, Sandmýrarvist og Ljónslappaskriðuvist.

Hraun

Við jaðar áhrifasvæðis jarðstrengsins er að finna nútíma hraun og Náttúruverndarstofnun vekur athygli á að nútímahraun njóta sérstakrar verndar samkvæmt 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Biður stofnunin framkvæmdaraðila að sýna árvekni við hraunið þegar plægt verður fyrir jarðstrengnum við jaðar þess.

Framkvæmdir innan svæða á Náttúruminjaskrá

Náttúruverndarstofnun vill benda á að innan skipulagssvæðisins er svæði á náttúruminjaskrá sem nefnist Emstrur og Fjallabak, Rangárvallasýslu, Skaftafellssýslu og er númer 761 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst á eftirfarandi hátt: *(1) Landsvæðið á milli svæðis nr. 730, og Friðlands að Fjallabaki annars vegar og Þórsmerkur og Mýrdalsjökuls hins vegar. Til vesturs ræður lína úr Jökulöldum um Þórólfsfell og Smáfjöll í Vondubjalla. Til austurs og norðurs ræður lína úr Öldufelli um Svartafell í Svartahnúk og þaðan í Torfajökul. (2) Stórbrotið og fjölbreytt landslag. Vinsælt útivistarsvæði. Æskilegt er að tengja svæðið Friðlandi að Fjallabaki.*¹

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um svæðið í tillögunni og það komi fram hver áhrif tillögunnar sé á það.

Virðingarfyllt,

Ármann Guðmundsson
sérfræðingur
Skúli Þórðarson
verkefnastjóri

¹ <https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudurland/>